

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-144/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. nóvember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bifreiðarinnar A sem hann keypti af Y 9. apríl 2010. Bifreiðina segir hann vera gallaða og gerir þá kröfu aðallega að seljandi bæti úr þeim göllum en til vara að hann fái afslátt af kaupverðinu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 15. nóvember, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau 24. nóvember. Með bréfi, dags. 26. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör seljanda og frestur til þess til 3. desember. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 15. desember sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kæruneftndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina A 9. apríl 2010 en hún sé af gerðinni MMC Pajero Int. Turbo, árgerð 1998. Bifreiðinni hafi verið búið að aka 211.721 á kaupdegi og kaupverðið hafi verið kr. 1.000.000. Seljandi hafi fullvissað sig um að bíllinn væri sérlega vandaður og vel með farinn. Viðmiðunarverð á bifreiðinni hafi verið kr. 800.000.

Þá segir í álitsbeiðni m.a.:

„Fjórum mánuðum síðar eða í lok ágúst 2010 fór „headið“ í bílnum. Álitsbeiðandi sagði seljanda strax frá umræddum galla og féllst seljandi á að um galla væri að ræða og tók að sér að greiða varahlutinn, þ.e. „headið“ en álitsbeiðandi átti að sjá um að láta framkvæma viðgerðina. Fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæðið Bílaverkstæði B sem seljandi samþykkti. Við framkvæmd viðgerðarinnar kom í ljós að gera þurfti við og skipta um töluvert fleiri varahluti í bílnum en einungis „headið“. Þegar álitsbeiðandi óskaði eftir því að seljandi tæki þátt í þeim kostnaði neitaði seljandi því. Áður en kom að því að headið gaf sig hafði álitsbeiðandi látið gera við ýmislegt annað sem hafði bilað í bílnum stuttu eftir að hann keypti bílinn, svo sem balancestangaupphengjur, loku á hliðarglugga, samlæsingu sem virkaði ekki á allar hurðir og rafgeymi. Eftir viðgerð á headinu kom einnig í ljós að glóðarkerti voru ónýtt. Ekki verður talið að kostnaður bifreiðaverkstæðisins sé meiri en gengur og gerist fyrir varahlutina og vinnuna sem framkvæmd var. Meðfylgjandi er útreikniskjal sem sýnir þan kostnað sem hlaut vegna viðgerða á bifreiðinni. En samtals kostnaður er 607.569 kr. Þar af kostnaður greiddur af álitsbeiðanda 393.569 kr. Ágreiningsefnið lýtur að því að álitsbeiðandi telur sig hafa keypt gallaða vöru og telur rétt að seljandi bæti honum þann kostnað sem hann hefur

þurft að leggja út til að gera við bifreiðina. Eftir að álitsbeiðandi áttaði sig á þeim ríka neytendarétti sem lög um neytendakaup veita honum fór hann fram á að seljandi tæki allan kostnaðinn á sig vegna þeirra galla sem bifreiðin var haldin. Seljandi hefur ekki samþykkt að greiða annan kostnað en fyrir varahlutinn „headið“.

Álitsbeiðandi vitnar til 2. mgr. 1.gr., 15, 16., 17. og 18. gr. neytendakaupalaga máli sínu til stuðnings. Hann segir ástand bifreiðarinnar hafa verið mun verra en hann hafi haft ástæðu til að ætla en kostnaður við viðgerðir nemi nærri því 61% af kaupverði hennar. Kaupverðið hafi verið töluvert herra en gangverð sams konar bifreiða.

Álitsbeiðni fylgdi svohljóðandi samantekt um viðgerðir á bifreiðinni:

„Kostnaður greiddur af X:

5.5.2010	Balanc-endar að aftan	12.457
14.7.2010	Læsing á rennirúðu	7.127
14.7.2010	Fjarstýring/samlæsingar	9.477
23.8.2010	Rafgeymir	33.900
21.10.2010	Vinna vegna head	240.000
21.10.2010	Varahlutir vegna head	71.936
4.11.2010	Glóðarkerti	14.272
4.11.2010	Ísetning glóðarkerta	4.400
		393.569

Kostnaður greiddur af Y, skv. símtali

Head	170.000
Bilanagreining	30.000
Koma bíl á verkstæði	14.000
	214.000

Samtals:

Heildarkostnaður vegna head	525.936
Annar kostnaður vegna galla	81.633
Kostnaður samtals	607.569“

Þessum upplýsingum fylgdu engir reikningar fyrir vinnu eða varahluti. Kærunefndin taldi ekki beina ástæðu til þess að kalla eftir þeim, sbr. það sem rakið verður í niðurstöðu nefndarinnar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er á það bent að kaupandi geri athugasemdir við kaupverð og ástand bifreiðarinnar í beiðni til kærunefndar þegar 7 mánuðir séu liðnir frá kaupunum. Heldur seint sé að reikna út viðmiðunarverð á bifreiðinni 7 mánuðum eftir kaupin, en seljandi hafi bent álitsbeiðanda á að kynna sér verð á sambærilegum bifreiðum eins og skýrt komi fram í afsali. Þá hafi álitsbeiðanda verið bent á þann möguleika og rétt sinn til þess að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar og hafi honum verið kunnugt um að bifreiðin hefði aðeins verið 9 daga í eigu seljanda. Það sé því ekki rétt „að koma því yfir á seljanda“ að hann hafi fullvissað álitsbeiðanda um að sérlega vandað og vel með farið eintak að ræða. Þá bendir seljandi á skoðunarskyldu kaupanda og eins að

bifreiðinni hafi verið breytt, sett á stærri dekk og á hana settir brettakantar o.fl. Við undirritun afsals hafi seljandi látið álitsbeiðanda vita af því að læsing á rennihurð væri ekki til staðar og hafi hann samþykkt að taka á sig kostnað vegna þess.

Það hafi verið tæpum 5 mánuðum eftir kaupin eða í lok ágúst 2010 að álitsbeiðandi hafi tjáð seljanda að bifreiðin væri biluð. Seljandi hafi ákveðið í samráði við álitsbeiðanda að láta bilanagreina bifreiðina hjá Vélalandi í Reykjavík þangað sem seljandi hafi komið henni og ljós hafi komið að heddið hafi verið skemmt eða ónýtt. Í framhaldi af því hafi seljandi boðist til þess að greiða hluta af viðgerðarkostnaði og álitsbeiðandi hafi stungið upp á því að seljandi greiddi fyrir kaupin á nýju heddi en sjálfur greiddi hann kostnað við að skipta um það. Álitsbeiðandi hafi sagst ætla að fá vin sinn til að skipta um heddið og annað viðhald sem gott væri að framkvæma á sama tíma. Álitsbeiðandi hafi verið spurður hvort hann vissi hvað vinna við skiptin myndi kosta og hafi hann svarað því til að af því þyrfti seljandi ekki að hafa áhyggjur. Seljandi þyrfti einungis að kosta flutning á bifreiðaverkstæði B sem seljandi hafi strax gert. Seljandi kveðst hafa keypt nýtt heddi og afhent það framangreindu verkstæði. Eftir að búíð hafi verið að lagfæra bifreiðina hafi álitsbeiðandi haft samband við seljanda og óskað eftir því að hann greiddi fyrir þá varahluti sem notaðir hafi verið og hafi seljandi boðist til að greiða helming þess kostnaðar. Það hafi álitsbeiðandi afþakkað og sagst vera mjög ósáttur. Síðar hafi lögræðingur álitsbeiðanda hringt í sig og krafist greiðslu á öllum viðgerðar- og varahlutakostnaði vegna bifreiðarinnar.

Þá segir m.a. eftirfarandi í andsvörum:

„Samkvæmt blaði/skjali merktu 1e kemur fram að kaupandi hefur þurft að sinna viðhaldi á bifreiðinni svo sem að skipta um rafgeymi, glóðakerti og fleira. Að eiga og reka notaða bifreið kostar peninga og ætti kaupanda að vera það fullljóst að 12 ára gömul bifreið sem ekin er á þriðja hundrað þúsund kílómetra kann að þarfnast viðhalds og umhyggju. Er það því ljóst að kaupandi þarf að setta sig við að sinna viðhaldi á eigin kostnað á 12 ára gamalli bifreið. Það getur ekki talist ásættanlegt og eðlilegt að fyrri eigandi beri kostnað af slíku viðhaldi svo löngu eftir að kaupin hafi átt sér stað. Bent skal á að kaupandi hafði haft bifreiðina til afnota í tæpa 5 mánuði þar til að hann fyrst gerir athugasemd við ástand bifreiðarinnar, en þó heldur kaupandi því fram í bréfi sínu (blað merkt 1c) að „gallinn“ eins og hann orðar það hafi verið til staðar í bifreiðinni við „afhendingu“ eins og hann orðar það þegar hann hafi keypt bifreiðina því hún var afhent kaupanda til afnota strax við undirritun afsals. Hvergi kemur fram í bréfi kaupanda (X) hvað bifreiðin var ekin mikið þegar hann fyrst gerði athugasemd við ástand bifreiðarinnar. Seljandi (Y) stóð fullkomlega og ríflega við það samkomulag sem hann og kaupandi (X) höfðu gert sín á milli varðandi viðgerð þessa. Seljandi telur sig að engu leyti hafa þurft að taka nokkurn þátt í viðgerð/viðhaldi á þessari 12 ára gömlu bifreið en gerði það engu að síður af einskærri góðmennsku sinni. Ég endurtek 12 ára gömul bifreið sem ekin er á þriðja hundrað þúsund kílómetra.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila

fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en líta verður svo á að Y hafi atvinnu af því að selja bifreiðir fyrir sjálfa sig og aðra.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina sem ágreiningur aðila stendur um 9. apríl 2010. Bifreiðin var nýskráð 11. desember 1998 og var því komin á tólfta aldursár þegar kaupin fóru fram og hafði verið ekið nær 212.000 km. Álitseiddandi segist hafa kvartað við seljanda strax og heddið hafi farið sem verið hafi í lok ágúst 2010 en þá hafði álitseiddandi átt bifreiðina í ca 4½ mánuð. Hins vegar kemur ekki skýrlega fram hvort þann kvartaði þá og/eða síðar út af öðrum göllum sem hann telur hafa verið á bifreiðinni. Hins vegar eru dagsetningar við kostnaðarliðina sem gerð er grein fyrir á skjali sem álitseiddninni fylgdi og eru þær frá 5. maí til 4. nóvember 2010, en vinna við hedd og varahlutir vegna þess eru með dags. 21. október.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreið álitseiddanda stendur m.a.: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitseiddanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. Ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti
- b. Fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c- lið 1. mgr. 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitseiddandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitseiddandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Það er álit kærunefndarinnar, enda þótt álitseiddandi hafi þurft að laga eitt og annað í bifreiðinni sem hann tíundar í skjalinu, þ.e. ballansenda, læsingu á rennirúðu,

fjarstýringu og glóðarkerti, hafi hann mátt búast við viðhaldi af þessu tagi á bifreið sem var komin á tólfta ár og hafði verið ekið nær 212.000 km. Þegar hún var keypt. Því sé ekki hægt að líta svo á að ástand bifreiðarinnar miðað við aldur hennar og akstur hafi verið verra en álitsbeiðandi mátti búast við, sbr. ákvæði a-liðar 1.mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003, eða seljandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína að þessu leyti. Það verður einnig að hafa í huga, þótt kaupin falli undir neytendakaupalög, að kaupandanum ber einnig skylda til þess að skoða söluhlutinn og getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Kæruneftindin telur samkvæmt framansögðu að hér komi ekki til álita að hægt sé að beita ákvæðum 18. gr. laganna, sbr. niðurlagsákvæði 2. mgr. þeirrar lagagreinar, eða um sé að ræða galla í skilningi neytendakaupalaganna. Samkvæmt þessu er það álit kæruneftindarinnar að ekki séu forsendur fyrir því að taka til greina kröfu álitsbeiðanda að því er þessi atriði varðar. Rétt er að benda á að fram kemur í andsvörum að kaupanda hafi verið bent á að læsingu á rennirúðu vantaði en álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi greiði kostnað við lagfæringu eða skipti á læsingunni. Álitsbeiðandi gerði ekki athugasemdir við andsvör seljanda þótt honum væri gefinn kostur á því.

Að því er heddið varðar er það álit kæruneftindarinnar að telja verði það galla á bifreiðinni, þótt gömul væri, að heddið skyldi reynast ónýtt eða í því ástandi að skipta þyrfti um það. Að vísu voru liðnir nokkrir mánuðir frá kaupunum þar til það kom í ljós sem álitsbeiðandi segir hafa verið í lok ágústmánaðar 2010, en þá voru reyndar tæpir 5 mánuðir liðnir frá því að kaupin fóru fram. Ekki liggja fyrir upplýsingar um notkun álitsbeiðanda á bifreiðinni á þessum tíma en engu að síður er verulegar líkur á að heddið hafi eitthvað verið farið að gefa sig þegar kaupin fóru fram. Það virðist sem svo að aðilar kaupanna hafi samið um það sín á milli, varðandi skipti á heddinu, að seljandi keypti nýtt hedd en kaupandi kostaði skipti á því. Samningur af þessu tagi á að standa undir venjulegum kringumstæðum nema forsendur fyrir honum bresti. Í því tilviki sem hér um ræðir verður hins vegar að taka tillit til þess að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. neytendakaupalaga er óheimilt að bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða mundi af lögunum og sé svo bresta af þeim sökum forsendur fyrir áður gerðum samningi.

Það er álit kæruneftindarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki mátt búast við því við kaupin að nauðsynlegt myndi reynast að skipta um hedd í bifreiðinni. Má því líta svo á að um leyndan galla hafi verið að ræða enda engar líkur á því að seljandi hafi verið eða mátt vera þetta ljóst. Hins vegar verður að taka tillit til þess við úrbótaskyldu seljanda vegna þessa galla að nýtt kemur í stað notaðs og verðmæti bifreiðarinnar eykst að sama skapi. Álitsbeiðandi hefur gert grein fyrir því að heildarkostnaður vegna skipta á heddinu nemi kr. 525.936 og hefur því í sjálfu sér ekki verið mótmælt af seljanda. Það er álit kæruneftindarinnar eins og atvikum málsins er háttað að hvor aðili um sig eigi að bera helming þess kostnaðar sem leiddi af því að skipta varð um heddið, þ.e. kr. 262.968. Af þeirri fjárhæð hefur seljandi nú þegar greitt kr. 214.000. Ber honum samkvæmt þessu að greiða álitsbeiðanda mismuninn eða kr. 48.968.

VI
Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 48.968. Að öðru leyti er kröfum álitsbeiðanda hafnað.

Friðgeir Björnsson formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir